

anda þangað til hún er að fullu greidd og að kaupandinn hafi þess vegna ekki rétt til þess að selja eða veðsetja bifreiðina. Ennfremur er í 6. grein sama samnings tekið fram, að ef að kaupandi geri sig sekan í verulegum rofum á samningnum hafi seljandi rétt til þess, ef hann vill, að fá bifreiðina afhenta sér. Af ákvæðum þessum leiðir, að það, sem hér skiptir máli er, hvort veðsetning gerðarþola á bifreiðinni 8. október þ. á., til Ólafs Auðunssonar, fyrir 1500 kr. skuld, verði talin það sem kaupsamningurinn kallar „væsentlig Misligholdelse“ af samningnum eða það sem að rétturinn nefndi „veruleg samningsrof“. Það verður þá að álitast að slíkar óleyfilegar veðsetningar, sé svo verulegt brot á slíkum samningum, að réttur kaupanda falli með því burtu, enda væri það að ýta undir slíkum ólögmætum og oftlega hegningarverðum ráðstöfunum, ef það aðhald kaupanda hyrfi, að halda samninginn að þessu leyti, sem það felur í sér að kauprétturinn glatast.

Föstudaginn 6. nóv. 1931.

Nr. 103/1932. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Porkeli Þorleifssyni.

(Stefán Jóh. Stefánsson)

Bifreiðalagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 6. júlí 1931: Kærður, Þorkell Þorleifsson, sæti 50.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 5 daga í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Svo skal kærður sviftur ökuleyfi æfilangt.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að kærður sé sviftur

leyfi til að aka bifreið aðeins í 2 ár frá 8. júní s. l. telja.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Þorkell Þorleifsson, skal sviftur leyfi til að aka bifreið í 2 ár, frá 8. júní sl. að telja.

Að öðru leyti skal hinum áfrýjaða dómi vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 50 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Þorkeli Þorleifssyni, til heimilis að Spítalastíg 1, hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 56, 1926, um notkun bifreiða.

Málavextir eru þessir:

Árdegis mánudaginn 8. júní s.l. ók kærður bifreiðinni R.E. 242 héðan úr bænum austur þjóðveginn. Er hann kom inn í Sogamýrina ók vörubifreið á undan honum. Hefir kærður borið, að sú bifreið muni hafa ekið á 25—30 kílómetra hraða, er hann nálgast hana, en bifreiðarstjórinn á þeirri bifreið, Ásbjörn Guðmundsson, sem leiddur hefir verið sem vitni í málinu, hefir haldið því fram, að hann muni hafa verið á 20—25 kílómetra hraða á klukkustund.

Ók kærður því næst fram úr framangreindri bifreið á

45 kílómetra hraða, að því er hann sjálfur segir í réttarhaldi 22. júní, og segist hann þá hafa séð hraðamælirinn sýna þann hraða. Eftir að kærður var kominn fram úr, segir hann, að mjög mikið fát hafi komið á sig og hann misst stjórnar af bifreiðinni, sem síðan valt út af veginum vinstra megin. Hefir kærður enga skynsamlega skýringu getað gefið á orsök þessa slyss, en sagt, að vel geti verið, að hann hafi í fátí stigið á bensíngjafann í stað hemilsins, og það valdið óeðlilegum hraða á bifreiðinni í þessum svifum. Bifreiðin skemmdist mjög mikið, en hvorki kærða né stúlku, sem var í bílnum með honum, sakaði, og telur kærði það tilviljun eina. Engin hindrun var þarna á veginum, vegurinn fullbreiður, beinn, sléttur og harður og engum að mæta. Vitnið Ásbjörn Guðmundsson, bifreiðarstjóri, er ók bifreiðinni R.E. 196, er kærður ók fram úr, hefir eins og að framan greinir, kveðið sig hafa verið á 20—25 kílómetra hraða, er kærður ók fram úr honum. Segir hann að kærður hafi verið minnst á 40—45 kílómetra hraða, er hann fór fram hjá, en síðan virðist hraðinn fara vaxandi, og gizkar vitnið á að hraðaaukinn hafa stafað af því, að kærður hafi í fátí stigið á benzín-gjafann í stað hemilsins. Rann bifreið kærðs síðan út af veginum vinstra megin og utan í vegbrúninni nokkurn spöl, en síðan inn á veginn aftur, steiptist þar og hvolfir síðan út af veginum, vinstra megin. Bifreiðaeftirlitsmennirnir Björn Blöndal og Zophonías Baldvinsson fóru á staðinn samdægurs og skoðuðu vegsummerki og gáfu síðan skýrslu um það til dómarans. Er skýrsla sú í meginatriðum í samræmi við framburð vitnisins Ásbjörns. Mældist þeim vegurinn meira en 6 metra breiður á þessu svæði og sléttur og harður út á brúnir. Þá mældist þeim og að bifreiðinni hefði verið ekið utan á vegkantinum ca. 40 fet. Liggja förin síðan inn á veginn aftur til hægri og ca. bíllengd áfram eftir veginum, en þá er að sjá, að bifreiðin stingist á endann og velti út af veginum. Gizka eftirlitsmennirnir á, að bifreiðin hafi verið á ca. 60—80 kílómetra hraða er þetta gerðist, og byggja það meðal annars á því, að bifreiðin missti jafnvægið ekki strax og hjól annarar hliðarinnar fóru út af veginum.

Kærður hefir þá viðurkennt að hafa ekið á 45 kílómetra hraða og hefir hann þannig brotið gegn 6. grein laga nr.

56, 1926, um notkun bifreiða. Eru og allar líkur fyrir því að hraðinn hafi verið miklu meiri að minnsta kosti eftir að hann kom fram fyrir hina bifreiðina, og verður samkvæmt framangreindu engin skynsamleg orsök fundin til slyssins önnur en mikill hraði samfara ónógri stjórn á bifreiðinni og ógætni við að aka fram hjá bifreiðinni, sem á undan var. Það verður því að telja sannað, að kærður hafi umrætt skipti orðið brotlegur við 6. og 7. sbr. 14. gr. laga nr. 56, 1926, um notkun bifreiða.

Kærður var með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 12. okt. 1928 dæmdur í 1 mánaðar einfalt fangelsi og missi ökuleyfis í eitt ár fyrir brot gegn 200. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869, og 6. gr. bifreiðarlaganna. Kærður hefir upplýst, að hann sé taugaveiklaður og hjartveikur, en það hvorttveggja verður að álíta mjög bagalegt fyrir bifreiðarstjóra og veikja mjög öryggi akstursins.

Refsing kærðs þykir með hliðsjón af framangreindu hæfilega metin 50.00 króna sekt til rikissjóðs og verður með því að um ítrekað brot er að ræða og með tilliti til allra atvika að svifta hann ökuleyfi æfilangt. Sektin greiðist innan mánaðar, ella komi í hennar stað einfalt fangelsi í 5 daga. Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 11. nóv. 1931.

Nr. 64/1931. Axel Kristjánsson

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

**skiptráðandanum í Reykjavík, f. h.
þrotabús Lúðvigs C. Magnússonar og
Ingvars Benediktssonar og hlutafé-
lagsins „Fjölnir“. (Enginn).**

Viðurkenndur sjóveðréttur fyrir kröfu samkv. 236, sbr. 53. gr. siglingalaganna.